

## Samstarfs- og málefnasamningur B og D lista 2018-2022

Fulltrúar beggja framboða heita gagnkvæmu trausti og starfa að heilindum með hagsmuni sveitarfélagsins og íbúa þess að leiðarljósi. Með niðurstöðu undangengina sveitarstjórnarkosninga að leiðarljósi hafa framboðin gengist við þeirri ábyrgð sem þeim var falin og gert með sér eftirfarandi samstarfs- og málefnasamning á kjörtímabilinu 2018-2022.

Framboðin skipta með sér sæti sveitarstjóra og verður fulltrúi D-lista ráðinn fyrri tvö árin og fulltrúi B-lista ráðinn síðari tvö árin.

Einnig munu framboðin skipta með sér sæti oddvita og varaoddvita og verða lagðar fram tillögur um að fulltrúar frá B-lista gegni þeim stöðum fyrri tvö árin og fulltrúar D-lista síðari 2 árin.

Sama gildir um formann og varaformann byggðaráðs og verða lagðar fram tillögur um að fulltrúar frá D-lista gegni þeim stöðum fyrri tvö árin og fulltrúar B-lista síðari 2 árin.

Skipti embætta munu fara fram í júní 2020.

## Fjármál og rekstur sveitarfélagsins

Við viljum stuðla að áframhaldandi ábyrgum rekstri Sveitarfélagsins.

Við stefnum að því að gjaldtaka fyrir þjónustu verði sanngjörn og byggð á jafnræði.

Við ætlum að kappkosta að gerð fjárhagsætlunar verði unnin í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og að framkvæmdum verði forgangsraðað í samræmi við þörf.

## Stjórnsýsla og íbúalýðræði

Markmið okkar er að stjórnsýsla sveitarfélagsins verði gagnsæ og opin eins og lög gefa heimild til.

Við leggjum upp með að nýta vel nefndir sveitarfélagsins áður en að ákvörðun sveitarstjórnar kemur.

Við ætlum að innleiða rafræna stjórnsýslu og að upplýsingaflæði til íbúa verði eftt til muna.

Við viljum efla íbúalýðræði með því að virkja íbúa til þátttöku.

Q. V.  
R. B.  
K. B.  
B. B.  
K. E.  
F. B.

## Skipulagsmál

Skipulagsmál eru eitt af stóru málunum á kjörtímabilinu. Þau þarf að vinna faglega í takt við vaxandi samfélag. Aðalskipulag sveitarfélagsins er mikilvægt stjórnþæki sem við ætlum að endurskoða í upphafi kjörtímabils.

Við viljum gott aðalskipulag með skýra framtíðarsýn og metnaðarfullar áætlanir sem falla að öðrum áætlunum sveitarfélagsins og á landsvísi.

Við munum hrinda í framkvæmd heildar deiliskipulagi fyrir skóla- og íþróttasvæði með framtíðarþarfir sveitarfélagsins að leiðarljósi og finna þar nýjum leikskóla stað.

Kirkjuhvalsreiturinn verður skipulagður í heild sinni fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili, íbúðir fyrir 60 ára og eldri, miðstöð heilsugæslu og sjúkraflutninga á svæðinu.

Gera húsnæðisáætlun og tryggja ávallt nægt lóðaframboð fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

## Umhverfis- og auðlindamál

Fögur náttúra og hreinleiki einkennir Rangárþing eystra og viljum við tryggja að svo verði áfram svo komandi kynslóðir geti notið sömu gæða og við gerum.

Við viljum nýta til fulls þá glæsilegu aðstöðu fyrir sorpmóttöku sem þegar hefur verið reist á Strönd og býður uppá aukna flokkun úrgangs, möguleika til endurvinnslu og nýtingu verðmæta.

Rangárþing eystra verði fyrirmynd annarra sveitarfélaga í flokkun á úrgangi, meðhöndlun sorps og góðri sorpþjónustu.

Við ætlum að vinna úrgangsstefnu fyrir sveitarfélagið.

Við viljum virkja íbúa til aukinnar umhverfisvitundar og stíga fram með góðu fordæmi og viðhalda eignum sveitarfélagsins og umhverfi svo ásýnd þess sé til sóma.

Skynsamleg og sjálfbær nýting orku er þáttur sem huga þarf að í sveitarfélaginu okkar. Við viljum stuðla að því að einstaklingar geti nýtt sér orkukosti til nýtingar í sínu nærumhverfi með sjálfbærni að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Rekstur kaldvatnsveitna verður tekin fastari tökum og gerðar nauðsynlegar úrbætur til að tryggja afhendingaröryggi, áætlanir vegna viðhalds gerðar til framtíðar og stuðlað að ábyrgri notkun.

## Atvinnu- og markaðsmál

Sterkt og fjölbreytt atvinnulíf er ein af lykilforsendum hvers sveitarfélags.

Rangárþing eystra er eitt stærsta og öflugasta landbúnaðarhérað landsins sem þarf að standa vörð um og nýta þau fjölmörgu tækifæri sem sá atvinnuvegur hefur upp á að bjóða.

G. U.  
R. B.  
K. B.  
B. B.  
M.  
F. S.

Lóðaframboð fyrir atvinnurekstur þarf að vera gott og fjölbreytt og álögur samkeppnishæfar á landsvísu.

Mikilvægt er að stutt verði við uppbyggingu fjölbreyttra atvinnutækifæra í sveitarfélaginu m.a. með því að hvetja til nýsköpunar.

Markaðs- og kynningarmál ætlum við að efla fyrir sveitarfélagið í heild svo það verði eftirsóknarverður staður fyrir fjölbreyttan atvinnurekstur og til búsetu fyrir alla.

Við viljum að sveitarfélagið geri sig gildandi í uppbyggingu Landeyjarhafnar og að tækifæri hennar verði nýtt til fulls.

Við munum stuðla að samkeppnishæfri ferðapjónustu í sveitarfélaginu og vinna að uppbyggingu m.a. samkvæmt áfangastaðaaætlun sem unnin hefur verið fyrir svæðið og tekur tillit til þarfa heimamanna, gesta, fyrirtækja og umhverfis.

Vera í virku samtali og samvinnu við ferðapjónustuaðila innan og utan sveitarfélagsins um leiðir til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða og stuðla að sjálfbærni í greininni.

## Menntamál

Fyrsta flokks menntastofnanir eru ein af forsendum gæðabúsetu og við viljum hafa þjónustustigið hátt eins og við höfum sýnt á undanförnum árum og bæta enn um betur.

Við ætlum að styðja áfram og efla enn frekar skólastarf í fremstu röð og þau verkefni sem þar eru starfrækt í samvinnu við stjórnendur.

Undirbúa og hefja byggingu á nýjum leikskóla og tryggja öllum börnum leikskólavist frá því að lögbundnu fæðingarorlofi lýkur, samhliða byggingu nýs leikskóla.

Tryggja áfram góða aðstöðu íbúa til að stunda framhaldsmenntun, gera fullorðinsfræðslu áfram hátt undir höfði sem og beita okkur fyrir bættum aðbúnaði framhaldsskólanema.

## Menningarmál

Við viljum stuðla að öflugum menningarstarfi í sveitarfélaginu.

Tryggja áframhaldandi rekstur og endurskipulagningu Sögusetursins og undirbúa móttöku Njálurefilsins sem er stolt okkar allra. Við ætlum að efla fagráð Söguseturs og það vinni að framtíðarlausnum fyrir Njálurefilinn og Sögusetrið.

Mikilvægt er að sveitarfélagið nýti sér sérstöðu sína á Njáluslóðum og haldið sé uppi heiðri merkra listamanna sem hafa sterka tengingu við Rangárþing eystra.

Handwritten notes in blue ink on the right margin:

QV  
RB  
BB  
KE  
FAS

## Samgöngumál

Samgöngumál eru verulegur áhrifaþáttur við val á búsetu, því ætlum að vera í góðu samráði við Vegagerðina um uppbyggingu vegakerfisins í sveitarfélaginu m.t.t. öryggis og skilvirkni og beita okkur fyrir bættri þjónustu við almennt veghald allt árið, svo sem uppbyggingu vega og snjómokstur.

Stuðla að viðhaldi og áframhaldandi uppbyggingu öruggra göngustíga, hjólreiðastíga og reiðvega.

Gera umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið.

Beita okkur fyrir bættum almenningssamgöngum.

## Íþrótt- og æskulýðsmál

Metnaðarfullt íþrótt- og æskulýðsstarf í takt við heilsueflandi umhverfi og tækifæri til fjölbreyttra valmöguleika hefur gríðarlegt forvarnargildi.

Á kjörtímabilinu ætlum við að halda áfram uppbyggingu á íþrótt- og sundlaugarsvæði, kanna stækkunarpörf íþróttamiðstöðvar til framtíðar og kanna rekstrargrundvöll og þörf fyrir fjölnota íþróttahús.

Halda háu þjónustustigi í íþróttamiðstöð og meta þarfir reglulega til að þjónusta íbúa og gesti sem allra best.

Við ætlum að efla æskulýðsstarf og gera allt sem við getum til að virkja unga fólkið okkar til þátttöku og ákvarðanatöku í þeim málum m.a með því að efla ungmennaráð enn frekar og fela því aukna ábyrgð og verkefni.

Við munum styðja áfram tryggilega við bakið á félögum sem bjóða uppá æskulýðsstarf og gæta jafnræðis við úthlutun styrkja.

Tryggja að samfella í skóla- og íþróttastarfi vaxi og dafni í samvinnu allra hlutaðeigandi aðila og styðja áfram við öflugt starf félagsmiðstöðvar og ungmennahúss.

## Heilbrigði, velferð og mannauður

Á liðnum árum hefur verið unnið markvisst að heilsueflingu í Rangárþingi eystra. Bæði leik- og grunnskóli eru nú í innleiðingarferli verkefnisins „Heilsueflandi skóli“ í samvinnu við Landlæknisembættið. Við stefnum að því að Rangárþing eystra verði heilsueflandi samfélag.

Bæta enn frekar heima- og félagsþjónustu við aldraða sem búa í eigin húsnæði og stuðla að bættri aðstöðu fyrir félagsstarf eldri borgara.

Efla enn frekar starfsemi Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols og leitast við að fá fjárveitingu fyrir rekstri fleiri hjúkrunarrýma.

Q.V.  
R.B.  
[Signature]  
B.B.  
[Signature]  
[Signature]  
F.B.S.

Styðja enn frekar við öfluga félagsþjónustu í sveitarfélaginu en málaflokkurinn er afar brýnn og þarfnast stuðnings og skilnings yfirvalda.


Við viljum kanna möguleika á uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlaða í sveitarfélaginu og vinna markvisst að umbótum í aðgengimálum.

Þrýsta á að grunnþjónusta í heilsugæslu verði bætt á svæðinu enda ein af grunnforsendum gæðabúsetu.


Við ætlum að standa vörð um og stuðla að eflingu sjúkraflutninga og löggæslu.

Hvolsvöllur 11. júní 2018


F.h. B- lista



Benedikt Benediktsson




Lilja Einarisdóttir




Rafn Bergsson


F.h. D-lista



Anton Kári Halldórsson



Elín Fríða Sigurðardóttir



Guðmundur Jón Viðarsson